



Minnisblað

Viðtakandi	Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis	Dagsetning	10. maí 2024
Sendandi	Innviðaráðuneytið/Skrifstofu sveitarstjórnar- og byggðamála	Málsnúmer	IRN24040154
		Tilgangur	Til upplýsingar

Innviðaráðuneytið, mennta- og barnamálaráðuneytið og dómsmálaráðuneytið kom á fund umhverfis- og samgöngunefndar 6. maí 2024 til að kynna frumvarp um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ. Á fundinum kom til umræðu hvort að 6. gr. frumvarpsins tryggði heimildir nefndarinnar til vinnslu persónuupplýsinga. Fram kom að hálfu innviðaráðuneytisins að heimildir til vinnslu slíkra upplýsinga væru að finna í viðkomandi lögum sem tækju til þeirra verkefna sem nefndinni væri falið. Innviðaráðuneytið tók þó fram að málið yrði borið frekar undir persónuverndarfulltrúa ráðuneytisins. Til að taka af allan vafa leggur ráðuneytið til breytingu á frumvarpinu þar sem kveðið er á um með skýrum hætti að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil. Ráðuneytið hefur verði í samskiptum við skrifstofu þingsins og gerir ekki athugasemdir við tillögur þingnefndarinnar um breytingar á frumvarpinu sem miða að því að tryggja heimildir framkvæmdanefndarinnar til vinnslu persónuupplýsinga.